




ÁRSSKÝRSLA KEILIS

2015



ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Niunda starfsári Keilis er lokið. Á þessum tíma hafa 2.372 einstaklingar tekið við brautskráningarskríteinum okkar. Ekkert gleður okkar meira í starfinu en að heyra af frekari sigrum fyrrum nemenda okkar – hvort heldur er í frekara námi eða starfi. Hlýleg orð þeirra í okkar garð og þakklæti vermir hjörtu allra starfsmanna Keilis. Hinir litlu sigrar verða oft svo risastórir.

Keilir heldur áfram að vaxa. Á liðnu ári var velta fyrirtækisins um 800 milljónir króna með viðunandi afkomu. Á nýju ári stefnir í um einn milljarð króna í veltu. Þar af eru aðeins 27% bein framlög ríkisins. Hitt er það sem kalla má sjálfsaflafé. Sú staðreynd minnir okkur á að við þurfum stöðugt að vera á varðbergi um reksturinn og skoða ný tækifæri til að þjóna þeim markmiðum sem sett voru í upphafi – að efla menntastig svæðisins og brúa tengslin milli skóla og atvinnulífs.

2.372 einstaklingar hafa útskrifast úr Keili á þeim níu árum sem skólinn hefur starfað.

Á árinu 2016 stefnir í að Keilir velti um einum milljarði króna, en þar af eru aðeins 27% bein framlög ríkisins.

Keilir er byggður upp sem samstarfsvettvangur. Þannig eigum við náið samstarf um nám við Háskóla Íslands, Fisktækniskólann, AST- flugvirkjaskólann í Skotlandi. Thompson River University í Kanada o.s.frv. Við leitum fanga í samstarfi um verkefni sem þörf er á. Nemendur okkar eru líka af ýmsum þjóðernum. Ætla má að árlega færi erlendir nemendur Keilis um hálfan milljarð króna inn í íslenskt efnahagslíf í formi gjaldeyris. Byggir það á því að geta boðið metnaðarfullt nám og hagstæða gistingu. Þannig var lagt upp með Keili í byrjun.

Ýmsar blikur eru þó á lofti. Tvennt má þó nefna hér. Annars vegar minnkandi möguleikar okkar að bjóða nemendum hagstæða gistingu. Hins vegar ótrúleg tregða hins opinbera að afgreiða nýjar námsbrautir. Finnst okkur á stundum að sá metnaður sem fram kom á fyrstu árum Keilis hafi heldur farið þverrandi. Skóli sem bæði starfar á framhaldsskólastigi og háskóla virðist rekast illa í kerfinu. Starfsfólk Keilis hefur mótað a.m.k. þrjár nýjar námsleiðir sem ætla má að þörf sé fyrir í samfélaginu. Hvorki gengur né rekur að fá þær samþykktar. Telja má það eina mestu ógn við þróun fyrirtækisins.

Við höldum áfram að þróa nýja kennsluhætti og erum stolt af þeim áhuga sem sú viðleitni hefur vakið meðal skólafólks – innanlands og erlendis. Ánægjulegt er að finna hinn sterka áhuga kennara Keilis á viðfangsefninu sem á ekki hvað sístan þátt í velgengi okkar. Mest er þó líklega verður hinna rómaði „Keilisandi“ sem enn logar af gleði og áhuga starfsfólks. Með hann að vopni og ferska hugsun hans mun Keilir halda áfram að þroskast og dafna.

Undirritaður vill þakka öllu samstarfsfólki enn eitt skemmtilegt árið hjá Keili sem og áhugasömu og hvetjandi stjórnarfólki ásamt samstarfsaðilum.

*Hjálmar Árnason,
Framkvæmdastjóri*



2

KEILIR HITTIR Í MARK

Stofnun Keilis var mikilvægt svar við brotthvarfi Varnarliðsins í lok árs 2006, miklu atvinnuleysi í kjölfarið og alþjóðlegri efnahagskreppu þar sem litla Ísland tók fyrsta höggið. Svarið við erfiðleikunum var að rísa gegn þeim og efla menntastig á svæðinu, stuðla að nýsköpun og efla menntun til atvinnu á nýjum sviðum.

Á þriðja þúsund manns hafa verið brautskráðir frá Keili á þessum stutta tíma. Einstaklingar sem hafa gripið og nýtt

tækifærið, brúað bilið sem var á milli fyrri menntunar þeirra og háskólamenntunar. Þeir hafa búið sig undir ný störf með þekkingu og færni.

Um þessar mundir blómstrar atvinnulífið. Sérstaklega þau verkefni sem Keilir valdi í upphafi að tengja við menntun og barðist fyrir að byggja upp; Flugtengd störf um allan heim kallar á færa flugmenn og flugvirkja. Íslensk ferðaþjónusta þarf sérþekkingu á sviði íslenskra

*Stofnun Keilis var
mikilvægt svar við
brothvarfi
Varnarliðsins í lok
árs 2006.*

*Um þessar mundir
blómstrar
atvinnulífið,
sérstaklega þau
verkefni sem Keilir
valdi í upphafi að
tengja við menntun.*

ævintýraferða. Nýsköpun á sviði orku, gagnavörslu og líftækni þarf tæknimenntað fólk. Áhersla á heilbrigðan lífsstíl kallar á fólk með þekkingu til að leiðbeina og þjálfa. Allt þetta og meira býður Keilir, ýmist í samstarfi við Háskóla Íslands, fyrirtæki eða erlenda háskóla.

Baráttan fyrir uppbyggingu Keilis hefur ekki verið þrautalaus. Það gefur auga leið að Keilir var stofnaður við mjög sérstakar aðstæður og taka þurfti skjótar ákvarðanir vegna þeirra aðstæðna, sem féllu hvorki að tímaramma, greinum eða umfangi hins opinbera menntakerfis. Við erum enn að berjast við að halda sérstöðu okkar sem kröftugs og nýstárlegs skólasamfélags.

Það er mikilvægt að fólk muni þessa sérstöku sögu Keilis, sérstaklega þau sem sitja við stjórnvölinn hverju sinni í þessu landi. Þau mega ekki gleyma þeirri sögu, baráttu og hugmyndafræði sem Keilir byggir á. Það er okkar forsvarsmanna Keilis að minna á og fræða um þau miklu tækifæri sem Keilir er að skapa fyrir Ísland.

Við getum öll verið stolt af því að við þessar aðstæður hefur, þrátt fyrir allt, tekist að byggja upp öflugan miðstöð fræða og atvinnulífs sem styrkist ár frá ári.

Stjórn Keilis stendur saman af fulltrúum úr fræðasamfélagi, sveitarfélögum og samfélagi atvinnuuppbyggingar. Hún hefur staðið sem klettur að baki þessu mikla nýsköpunarverkefni sem Keilir er. Gæfa okkar hefur þó ekki síst verið fólgin í öflugri framkvæmdastjórn og samhentun starfsliði. Mikilvægasti afraksturinn er þó alltaf sá að sjá nemendur vaxa og þroskast til nýrra verkefna, þar sem draumar þeirra ná að rætast, og þar sem samfélag okkar nýtur góðs af.

*Árni Sigfússon,
Stjórnarformaður*



3

UM KEILI

Keilir starfrækir námsbrautir á háskóla- og framhaldsskólastigi. Skólinn hefur það að markmiði að fylla upp í eyður í skólakerfinu og að vera í nánnum tengslum við atvinnulífið. Boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu.

Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs er alhliða menntafyrirtæki í eigu háskóla, fyrirtækja og

almannasamtaka. Námið í Keili skiptist í fjögur sérhæfð megin svið, en innan hvers sviðs er fjölbreytt námsframboð. Sviðin fjögur eru Háskólabrú, sem miðar að því að undirbúa nemendur fyrir háskólanám, Flugakademía, sem býður upp á ýmiskonar flugtengt nám, Íþróttakademía, sem veitir ÍAK þjálfararéttindi, leiðsögunám í ævintýraferðamennsku og tæknifræði, sem skiptist í orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník hátæknifræði.

*Keilir - Miðstöð
vísinda, fræða og
atvinnulífs er alhliða
menntafyrirtæki í
eigu háskóla,
fyrirtækja og
almannasamtaka.*

*Hjá Keili eru
starfræktir fjórir
sérhæfðir skólar:
Háskólabrú,
Flugakademía,
Íþróttakademía og
tæknifræðinám
Háskóla Íslands og
Keilis.*

*Keilir býður uppá
framúrskarandi
umhverfi fyrir
sérhæft og
fjölbreytilegt
námsframboð.*

Keilir var stofnaður vorið 2007 og hefur aðsetur á fyrrum varnarsvæði bandaríska hersins á Ásbrú í Reykjanesbæ. Frá upphafi hefur skólinn einsett sér að byggja upp námsmannasamfélag þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Keilir er hlutafélag og eru meðal eigenda Háskóli Íslands, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, rannsóknarstofnanir, orku- og fjármálafyrirtæki, sveitarfélög, almenningssamtök, flugfélag og verkalýðsfélög.

Aðstaða og þjónusta

Aðalbygging Keilis er staðsett við Grænásbraut 910 á Ásbrú í Reykjanesbæ og hýsir hún flestar kennslustofur, rannsóknaraðstöðu, stoðþjónustu og skrifstofur. Þar er einnig að finna bókasafn, lesrými, hópvinnuherbergi, kaffistofur og veitingasölu, auk þess sem viðburðir og uppákomur eru reglulega á dagskrá.

Byggingin er opin nemendum frá morgni til kvölds. Kennsla fer einnig fram í Sporthúsinu á Ásbrú (gegnt aðalbyggingunni), við Funatröð þar sem verklegt flugvirkjanám fer fram og í verklegri aðstöðu Flugakademíu Keilis á Keflavíkurflugvelli.

Námsráðgjöf

Hjá Keili starfa öflugir námsráðgjafar sem leggja metnað í að veita nemendum stuðning á meðan á námi stendur, með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, úrræði vegna sértækra námsörðugleika, upplýsingagjöf um námsleiðir og störf ásamt því að efla

sjálfsþekkingu nemenda. Nemendum Keilis stendur til boða að sækja ýmiskonar námskeið svo sem hraðlestrarnámskeið, námstækninámskeið og prófkvíðanámskeið.

Bókasafn og lesaðstaða

Á bókasafni Keilis er veitt fagleg upplýsingaþjónusta. Safnkosturinn er sérhæfður og miðar að því að styðja við það nám sem boðið er upp á við skólann. Bókasafn Keilis er í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar þar sem nemendur fá fullan aðgang að safnkosti og þjónustu, sér að kostnaðarlausu. Við bókasafnið er vel búin lesaðstaða.

Námsaðstaða

Í Keili er lagður mikill metnaður í að skapa framúrskarandi námsumhverfi fyrir allt nám skólans sem er bæði sérhæft og fjölbreytilegt. Í skólanum eru fyrirlestrasalir og hópvinnuherbergi, fyrsta flokks tilrauna- og rannsóknaraðstaða sem og aðstaða fyrir verklega kennslu í tæknifræði, ný og glæsileg verkleg kennsluáðstaða hjá Flugakademíu Keilis og fullkomlega tækjum búinn kennslusalur fyrir þjálfaranám.

Samgöngur

Góð tenging er við önnur hverfi Reykjanesbæjar með strætó sem gengur samkvæmt áætlun um hverfi bæjarins. Einungis 40 mínútur tekur að fara með almenningssamgöngum til Reykjavíkur, og er fjöldi daglegra ferða.



4

KENNSLUSVIÐ

Kennslustjórar eru Anna María Sigurðardóttir og Björk Guðnadóttir. Björk fór í fæðingarorlof í september og Fjóla Þórdís Jónsdóttir kom í hennar stað sem verkefnastjóri á kennslusviði. Auk þeirra starfa á kennslusviði, Skúli Freyr Brynjólfsson náms- og starfsráðgjafi í 100% stöðu, Þóra Kristín Snjólfsdóttir náms- og starfsráðgjafi í 50% stöðu sem námsráðgjafi og 50% stöðu sem prófstjóri, Askur Ari Ásgeirsson þjónustustjóri tölvudeildar sem tók við á haustdögum af

Atla Rúnari, Sigrún Svafa Ólafsdóttir í 70% stöðu sem umsjónarmaður Viskubrunns og Ásdís Ólafsdóttir í 50% stöðu á Viskubrunni. Ásdís fór í fæðingarorlof í september. Keilir og bókasafn Reykjanesbæjar eru með samstarfssamning og sinnir Sigurrós Sigurbergsdóttir starfi bókasafnsfræðings hjá Keili. Davíð Snæhólm hefur verið í 20% starfi við að sinna forritunarverkefnum fyrir Moodle, og þá sérstaklega fyrir fyrirtæki sem leigja Moodle þjónustu af Keili.

Kennslusvið er stoðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans.

Kennslusvið er stoðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans. Undir kennslusvið fellur, tölvuþjónusta, nemendaskráning, kennslukerfi í stað- og fjarnámi, náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn, bókasafn, gæðaráð og Viskubrunnur.

Hlutverk

Hlutverk kennslusviðs er m.a. samskipti og skýrslugerðir fyrir menntamálaráðuneytið, hagstofuna og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá hefur kennslusvið umsjón með handbókum kennara og nemenda, stundatöflugerð, framkvæmd prófa, ber ábyrgð á útskrift og dagskrá skólaárs. Framkvæma kennslu- og þjónustukannanir, sjá um og fylgja eftir ferlum í gæðahandbók, búa til gæðaskýrslur ásamt því að samræma kennslu og hafa yfirsýn yfir þá starfsemi sem á sér stað innan skóla Keilis. Þá er hlutverk kennslusviðs einnig tölvuþjónusta fyrir nemendur og starfsfólk, þróun og umsjón kennslukerfis í stað- og fjarnámi og til fyrirtækja, umsjón og skráning einkunna fyrir alla skóla, náms- og starfsráðgjöf og bókasafn. Kennslusvið sér einnig um kennslustuðning og að þjálfa alla kennara og nemendur Keilis til notkunar á kennslukerfinu Moodle ásamt því að halda utan um ýmiskonar námskeið sem hýst eru í Viskubrunni.

Nýjungar í tæknimálum

Keilir hóf uppfærslu stýrikerfa í tölvum sínum úr Windows 7 í Windows 10 og í lok árs höfðu 80% tölva verið uppfærðar. Lokið var við uppfærslu á þráðlausu neti í skólanum, og var það gert í samstarfi við Kadeco sem fær afnot af því þegar tónleikahátíð er haldin á þeirra vegum að sumri til. Þráðlausu sendarnir eru afar öflugir og styðja ac staðalinn í þráðlausum samskiptum sem er sá öflugasti sem í boði er. Einnig var skipt út einum sviss, nútímalegur Meraki sviss 48 porta var settur nálægt miðju kerfisins og annar hann mikilli netumferð. Þó nokkur kennslukerfi voru sett upp fyrir fyrirtæki sem Keilir stofnaði til viðskiptasambanda við um þjónustu við kennslufræðilega ráðgjöf og rekstur kennslukerfa. Yfir fjögurþúsund myndbandsupptökur voru gerðar á árinu í Camtasia Relay upptökukerfinu okkar af kennurum Keilis og viðskiptavina á árinu. Miðlægt netþjónaumhverfi Keilis var uppfært í útgáfu 6.0 af VmWare og fleiri eldri netþjónar sem voru áður keyrandi sem sjálfstæðir netþjónar voru fluttir í sýndarumhverfið sem einfaldar rekstur og tryggir betur öryggi og uppitíma kerfa. Rekstur upplýsingatæknikerfa var að mestu áfallalaus á árinu, reynt var að tryggja öryggi þeirra eins vel og kostur var á og gera kerfin eins aðgengileg og hægt er með kynningum.

Aðrar nýjungar

Í lok árs 2015 var ákveðið var að efla stuðning við kennara og efla vandinám enn betur í skólanum. Í kjölfarið byrjuðu Sigrún Svafa og Anna María að taka viðtöl við kennara, um þeirra upplifanir í kennslu. Stefnan er að taka viðtöl við alla kennara skólans og vinna svo þarfagreiningu á hvar stuðning vantar út frá þeim upplýsingum. Í framhaldinu er stefnan sett á aukinn kennslustuðning og samstarf milli kennara og deilda.

Í lok árs 2015 var ákveðið var að efla stuðning við kennara og efla vandinám enn betur í skólanum.

Árið 2015 útskrifaði Keilir 285 nemendur, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 149 nemendur.

Útskrifaðir nemendur

Árið 2015 útskrifaði Keilir 301 nemendur, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 149 nemendur. Í lok október 2015 hafði Keilir útskrifað 2.372 nemendur. Fjöldi útskriftarnema eftir brautum árið 2015:

Háskólabrú - Fjarnám	80
Háskólabrú - Staðnám	69
ÍAK - Einkapjálfarar	48
ÍAK - Styrktarpjálfarar	8
Flugþjónustubraut	18
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	41
ATC - Flugumferðarstjórn	5
Tæknifræðinám	18
Ævintýraleiðsögunám	14
Samtals árið 2015	301

Bókasafn Keilis

Starfsmaður: Sigurrós Inga Sigurbergsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur starfar á safninu alla daga. Aðsetur bókasafns Keilis er í miðrými Keilis, Grænásbraut 910 – Ásbrú. Starfsmaður er á vakt frá kl. 10:00 - 16:00 alla skóladaga.

Þjónustusamningur á milli Bókasafns Reykjanesbæjar og Keilis var endurnýjaður óbreyttur í febrúar 2014. Samkvæmt samningnum fá nemendur Keilis fullan aðgang að safnkosti og þjónustu bókasafns Reykjanesbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að :

- Nemendur Keilis fá frí lánþegaskírteini.
- Nemendur Keilis fá upplýsingaþjónustu og aðstoð við heimildaleit.
- Nemendur Keilis fá safnkennslu í upplýsingalæsi.
- Bókasafns- og upplýsingafræðingur er á vakt alla kennsludaga kl. 10:00 - 16:00.

Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafn Keilis veitir persónulega þjónustu og styður nám og kennslu við skólann. Þjónustan við notendur felst einkum í:

- Faglegri upplýsingaþjónustu.
- Leiðbeiningum við heimildaleit.
- Leiðbeiningum við upplýsingalæsi.
- Úrvinnsla heimilda.
- Útlán.
- Námsaðstoð.

Meginhlutverk bókasafns Keilis er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu.

Við árslok 2015 á bókasafn Keilis 4.643 bækur og annað efni.

Tölfræði

Eintakatölur bókasafns Keilis í árslok 2015 eru 4.643, þar af eru bækur 3.835 talsins. Árið 2014 voru einkatölur 4.424, þar af bækur 3.620 talsins. Árið 2013 var heildarfjöldi 4.249, þar af bækur 3.438 talsins. Aðrar tölur 2015, frá fyrra ári í sviga:

- Útlán á árinu voru 606 (208)
- Millisafnalán á árinu voru 4 (4)
- Notendafræðsla á árinu fyrir 13 manns (10)
- Heimildaleitir á árinu voru 102

Aukning hefur orðið í öllum flokkum nema í millisafnalánum.

Áherslur bókasafns Keilis

Skráning BSc lokaritgerða hjá nemendum í tæknifræði hélt áfram árið 2015 auk þess sem skráning nýrra bóka hélt áfram. Mikil aukning varð í bókakosti flugakademíunnar sem og í ævintýranáminu þegar kemur að nýskráningu bóka.

Á árinu var unnið talsvert með skjala- og málakerfi Keilis og þá sérstaklega sem snéri að samningaviðbótinni. Mikið lagt í að koma samningum í rafrænt form og verður haldið áfram með það verkefni.

Bókasafnið heldur kynningar á þjónustu safnsins, heimildavinnu, tilvísunum og höfundarétti fyrir alla nýnema Keilis. Auk þess býðst nemendum persónuleg kennsla í upplýsingalæsi og heimildaleit á netinu í sérhæfðum gagnagrunnum.

Námsráðgjafar hafa notað bókasafnið til ýmislegra örkyninga og vinnustofur fyrir nemendur í byrjun prófa og hefur reynst vel. Samfélagsmiðlar þá sérstaklega Facebook voru áfram nýttir til að koma upplýsingum áfram til nemenda, bæði um þjónustu safnsins og öll ný safngögn sem berast.

Borist hafa bókaþjófur á bókasafnið. Mikið hefur borið á að einstaklingar séu að færa bókasafninu gjafir. Bókasafnið fékk talsvert af bókum um viðskiptafræði og neytendahegðun, saga Bandaríkjanna og ýmsar bækur tengdar tölvum og forritun.

Frá Orkustofnun komu þrjár kassar fyrir tæknifræði og iðulega fær bókasafn Keilis bókaþjóf frá Bókasafni Reykjanesbæjar. Mikið af bókaþjófum eftir sumarið.

Bókasafnið fékk gefins innbundinn Skírnir frá árinu 1914 og riddara, Sturlunga og íslendingasögur. Fengum átta stykki af bókinni Náttúruvá frá Forlaginu. Ein bókin er eign bókasafnsins en afgangurinn verður notaður til gjafa.

Bókasafn Keilis skipti á Softline bókasafnshillum við Bókasafn Reykjanesbæjar og fékk í staðinn sömu tegund bókasafnshilla en stærri. Með þessum skiptum fékk Keilir auka 12 hillumetra sem koma sér mjög vel.

Bókasafnið heldur kynningar á þjónustu safnsins, heimildavinnu, tilvísunum og höfundarétti fyrir alla nýnema Keilis.

Námskeið og fundir

- Millisafnalán.
- Fundir um skjalamál Keilis.
- Fundir hjá kennslusviði.
- Fundir hjá Hitaveitu Suðurnesja vegna samningakerfis OneCrm .
- Starfsmannafundir.
- Fundir hjá bókasafnsfræðingum í framhaldsskólum.
- Kynning á Proquest í Þjóðarbókhöðunni.
- Fræðslufundur skrásetjara.

Kynningar

- 3. janúar – Kynning á bókasafninu, heimildaleit og þjónustu fyrir fjarnemendur.
- 14. janúar – Kynning fyrir flugvirkja.
- 22. ágúst – Kynning á bókasafninu fyrir ævintýraferðamennsku.
- 24. ágúst – Kynning fyrir háskólabró.
- 8. september – Bókasafnsdagurinn, bæklingar og veggspjöld.
- 16. nóvember – Dagur íslenskrar tungu.
- 27. nóvember – Kynning á bókasafninu, heimildaleit og þjónustu.

Náms- og starfsráðgjöf

Árið 2015 voru tveir starfsmenn sem sinntu náms- og starfsráðgjöf. Skúli Freyr Brynjólfsson var í 100% stöðu og Þóra Kristín Snjólfsdóttir var í 50% stöðu á móti sama hlutfalli sem prófstjóri.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni ráðgjafarinnar eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, ráðgjöf og úrræði vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika, persónuleg ráðgjöf, að efla sjálfsþekkingu nemenda og upplýsingagjöf um námsleiðir og störf. Talsverður hluti af starfi náms- og starfsráðgjafanna felst í að svara fyrirspurnum um allar deildir skólans og taka þátt í inntökuferli við allar deildir, þ.á.m. inntökuviðtölum.

Útfærsla og eftirspurn

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda. Í því skyni leitast ráðgjafarnir við að vera til staðar þegar nemendur þurfa á að halda og vera mjög sýnilegir í öllum rýmum skólans. Öll persónuleg viðtöl námsráðgjafa eru skráð niður, og flokkuð annarsvegar í viðtöl við nemendur og hinsvegar í inntökuviðtöl og svör við fyrirspurnum. Heildarfjöldi viðtala árið 2015 var svipaður og undanfarin ár eða samtals 1.803. Af því eru tveir þriðjuhlutar viðtöl við nemendur skólans og þriðjungur eru inntökuviðtöl og fyrirspurnir um nám í Keili.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda.

Á árinu 2015 leituðu 330 nemendur til námsráðgjafa með hin ýmsu viðfangsefni, sem er meiri fjöldi en áður hefur verið skráður. Þessir nemendur skiptast eftir deildum á eftirfarandi hátt:

Á árinu leituðu rúmlega þrjú hundruð nemendur til námsráðgjafa með hin ýmsu viðfangsefni.

	Fjöldi 2015	Hlutfall 2015	Hlutfall 2014	Hlutfall 2013
HBR - Staðnám	123	37,3%	41,8%	57,1%
HBR - Fjarnám	121	36,7%	32,9%	22,3%
Tæknifræði	24	7,3%	10,2%	9,2%
Íþróttakademía	26	7,9%	5,6%	4,8%
PPL & ATPL	6	1,8%	2,6%	2,9%
Flugvirkjun	30	9,1%	6,9%	3,7%
Samtals	330			

Frá því að stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafar var aukið upp í 200%, að prófstjórn meðtalinni, hafa ráðgjafar unnið markvist að því að auka virkni og þjónustu við aðrar deildir en staðnám háskólabrúar, sem lengi var langstærsti þátturinn í starfi námsráðgjafa. Taflan hér að ofan staðfestir árangur í þessu efni, enda hafa nemendur fjarnáms háskólabrúar, íþróttakademíu og ekki síst flugvirkjunar sótt þjónustu í talsvert auknum mæli.

Námskeið

Allir hópar sem hefja nám við Keili fá kynningu á helstu atriðum námstækni, u.þ.b. mánuði eftir að nám hefst. Þessi tilhögun hefur gert það að verkum að nemendur úr öllum deildum leita frekar til námsráðgjafa síðar í náminu. Þessu til viðbótar hafa námsráðgjafar staðið fyrir örnámskeiðum og vinnustofum um valda þætti námstækninnar, sem hafa mælst mjög vel fyrir.

Önnur verkefni

Nemendum gefst kostur á að koma í STRONG áhugasviðskönnun og fá viðtal í kjölfarið þar sem farið er yfir útkomu þeirra. Hluti af því viðtali er notað í almenna starfsráðgjöf. Vinsældir þessara kannana hafa farið ört vaxandi í Keili.

Hafi nemendur grun um námsörðugleika svo sem lesörðugleika, athyglisbrest, kvíðaröskun og svo framvegis, hafa náms- og starfsráðgjafar hvatt nemendur til að fara í greiningu til að sannreyna það.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis hafa verið talsvert virkir í kynningum á starfsemi og námsframboði Keilis og bæði tekið þátt í og stýrt kynningum fyrir ýmsa hópa. Þar á meðal eru nemendur og starfsfólk símenntunarstöðva, nemendur í framhaldsskólum og margir fleiri. Auk þess fór námsráðgjafi í kynningarferðir í skóla á landsbyggðinni.

Í nýjum hópum flugakademíunnar hafa náms- og starfsráðgjafar Keilis oftast en ekki séð um stutt hópefli.

*Nafnið
Viskubrunnur er
samheiti fyrir
námskeiðabanka
Keilis.*

Viskubrunnur

Nafnið Viskubrunnur er samheiti fyrir námskeiðabanka Keilis, sem samanstendur af netnámskeiðum, netfyrirlesturum og venjulegum styttri og lengri námskeiðum. Undir Viskubrunn fellur allt það nám sem ekki á heima undir öðrum skólum og brautum Keilis.

Verkefnastjóri Viskubrunns er Sigrún Svafa Ólafsdóttir og auk hennar hefur Ásdís Ólafsdóttir verið í 50% stöðu við Viskubrunn, en hún fór í fæðingarorlof í lok september.



*Sumarskóli Keilis
hefur bætt
fjölbreytnina í
sumarnámskeiðaflór
unni fyrir ungt fólk.*

Verkefni

Helstu námskeið Viskubrunns eru Sumarskóli Keilis, Sterkur grunnur, Flug grunnur, netnámskeiðum í hinum ýmsu greinum framhaldsskóla ásamt ýmsum öðrum verkefnum.

Sumarskóli Keilis hefur bætt fjölbreytnina í sumarnámskeiðaflórunni fyrir ungt fólk. Flugbúðir eru vel heppnað 4 daga námskeið sem í boði var bæði í júní og ágúst fyrir unglinga, ásamt því að vera í boði sem helgarnámskeið í febrúar fyrir 16 ára og eldri. Starfandi flugkennarar hafa séð um námskeiðin en Viskubrunnur sér um skipulag og samskipti við þátttakendur.

Tækni- og vísindasmiðja er sumarnámskeið haldið í aðstöðu Tæknifræðideildar Keilis í samvinnu við Viskubrunn. Umsjónarmenn námskeiðsins eru ráðnir inn í gegnum sumarvinnuúrræði Vinnumálastofnunar og eru því háskólanemar á milli anna. Mjög vel

Sterkur grunnur eru undirbúningsnámskeið á netinu, hugsuð fyrir verðandi nemendur í Háskólabrú Keilis.

var látið af námskeiðinu, sem stóð yfir í viku í senn og börn á aldrinum 10 – 13 ára undu sér glöð við tilraunir og vettvangsferðir.

Sterkur grunnur eru undirbúningsnámskeið á netinu, hugsuð fyrir verðandi nemendur í Háskólabrú Keilis. Höfundar námskeiðanna eru í öllum tilfellum kennarar viðeigandi faga á Háskólabrú, og námskeiðið því markvisst sett upp miðað við reynslu kennara á því hvar nemendur skortir helst undirstöðupekkingu. Undirbúningsnámskeið eru í boði í eftirfarandi fögum:

- Stærðfræði
- Ensku
- Íslensku
- Raunvísindum (efnafræði, eðlisfræði og líffræði saman)
- Líffræði
- Efnafræði
- Eðlisfræði

Flug grunnur er samansafn undirbúningsnámskeið á netinu, fyrir verðandi nemendur í flugakademíu Keilis. Þar er á sama hátt reynt markvisst að kenna það efni sem nemendur skortir helst í undirbúningi fyrir námið. Flug grunnur býður upp á undirbúningsnámskeið í:

- Ensku fyrir flugmenn
- Ensku fyrir flugvirkja
- Eðlisfræði
- Stærðfræði

Netnámskeið í nokkrum fögum framhaldsskóla eru komin í loftið og fleiri á leiðinni. Í boði eru

- Námsefni úr stærðfræði 203
- Íslenskar bókmenntir; Egilssaga, Hávamál og Völuspá.

Ökunet er netökuskóli til B-ökuréttinda og er samvinnuverkefni Viskubrunns og Ökuskólans í Mjódd. Boðið er upp á námskeið í bæði Ökuskóla 1 og Ökuskóla 2.

Viskubrunnur hefur þar að auki komið að uppsetningu netnámskeiða í Fríköfun og Forritun fyrir byrjendur.

Samvinna við fyrirtæki er að aukast, nokkuð mörg stór fyrirtæki hafa gert samning við Viskubrunn um uppsetningu og hýsingu námskeiða til endurmenntunar innan fyrirtækjanna.



5

FLUGAKADEMÍA

Flugferð Flugakademíu Keilis heldur áfram og niðurstaða rekstrarársins 2015 mjög ánægjuleg þegar litið er til heildarinnar, þ.e.a.s. rekstrarniðurstöðu dótturfélaga og þeirrar starfsemi sem hefur tekist að byggja upp hjá Keili í tengslum við flugtengt nám, þekkingu vöruþróunar og gæði þjónustu. Vöxtur hefur verið stöðugur og til samræmis við rekstraráætlanir ársins. Dagleg starfsemi og sú þjónusta sem er verið að veita viðskiptavinum hefur dafnað mjög og þroskast í jákvæða átt á nýliðnu ári.

Starfsfólk Flugakademíu og sú vara sem boðið er upp á er mun fremri og betri í dag en áður var. Unnið hefur verið að áframhaldandi vöruþróun, auknum gæðum á námi og þjónustu flugakademíu og teljum við að vel hafi til tekist á árinu. Flestum settum markmiðum fyrir árið 2015 hefur verið náð. Flugvélum og MXC flughermi Flugakademíu var flogið alls 6.771 klukkustundir á árinu sem er 31% aukning á milli ára. Árið 2015 hefur verið gott ár fyrir Keilir Aviation Academy ehf. og Keilir-FVB ehf.

*Uppbygging
flugvirkjanámsins
hefur gengið að
óskum og búum við í
dag yfir glæsilegri
verklegrri aðstöðu
sem við erum
virkilega stolt af.*

Mikill vöxtur er í alþjóðlegu flugi og vinnur Flugakademía hörðum höndum að því að tryggja sér hlut af þeirri köku og hefur innlent og erlent markaðsstarf skilað okkur þeim fjölda nemenda sem við byggjum starf okkar á í flugtengdu námi í dag. Við erum enn að starfa eingöngu á innlendum markaði fyrir flugvirkjanámið en undirbúningur erlends markaðsstarfs er þegar hafinn með sama sniði og við höfum unnið erlent markaðsstarf fyrir atvinnuflugnám okkar.

Starfsmenn Flugakademíu hafa haldið sínu góða starfi áfram að byggja upp Flugakademíuna og þannig tryggja að við erum raunverulegur valkostur þegar kemur að vali á flugtengdu námi á Íslandi og erlendis. Á árinu 2015 stunduðu 182 nemendur flugnám af einhverju tagi hjá Keilir Aviation Academy ehf. og 78 nemendur voru í flugvirkjanámi hjá Keilir-FVB ehf. og AST ltd., samtals 260 einstaklingar sem hafa ákveðið að treysta Flugakademíu Keilis fyrir menntun sinni. Ánægjulegt að upplýsa hér að fyrsti hópur flugvirkjanemenda Keilis-FVB ehf og AST ltd. útskrifuðust í lok árs 2015.

Starfsemi Flugakademíu Keilis hefur vaxið jafnt og þétt á árinu og hefur verið nokkuð um mannbreytingar á liðnu ári, en í dag státar Flugakademía af 18 fóstum starfsmönnum í öllum deildum flugrekstrar. Að auki starfa margir hjá Flugakademíu í ýmsum hlutastörfum í verktöku, bæði í bók- og verklegrri flugkennslu, flugkennaranámi, flugvirkjanámi. Flugakademía rekum sitt eigið viðhaldsverkstæði til viðhalds fyrir flugvélar okkar og Flugklúbb HJ ehf. á Reykjavíkflugvelli sem var stofnaður á árinu.



Í lok árs 2015 var fjárfest í nýrri Diamond DA 40 flugvél, en skólinn hefur í kjölfarið til umráða alls níu flugvélar.



Í lok árs 2015 var fjárfest í nýrri Diamond DA 40 flugvél sem var ekki afhent fyrr en í mars 2016. Að auki fjárfesti Flugakademía Keilis á árinu í gömlum kennsluflugvélum Flugskóla Helga Jónssonar og hefur stofnsett Flugklúbb HJ ehf. á Reykjavíkurlflugvelli á þeim grunni.

Gerður var samstarfssamningur við fjármögnunarfélagið Framtíðina með það að markmiði að auka fjármögnunarmöguleika nemenda í flugtengdu námi.

Uppbygging flugvirkjanámsins hefur gengið að óskum og búum við í dag yfir glæsilegri verklegri aðstöðu sem við erum virkilega stolt af.

Ekki var haldið námskeið fyrir flugliða á flugþjónustubraut á árinu og ljóst að dregið hefur úr eftirspurn eftir slíku námi.

Námi í flugumferðarstjórn var hætt á árinu þar sem Isavia ákvað að taka yfir það nám í sínum eigin skóla.

Flugbúðir Keilis, námskeið fyrir unglinga, var vel sótt í tvö skipti á árinu og ljóst að um fastan lið er að ræða í starfsemi okkar.

Enn og aftur fórum við í gengum mjög stórar gæðaúttektir hjá EASA (European Aviation Safety Authorities) á liðnu ári bæði hvað varðar flugstarfsemi okkar og flugvirkjanámið.

Starfsfólk Flugakademíu hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu á þeirri starfsemi sem við búum yfir í dag og staðið vörð um starfsemina og tekið virkan í uppbyggingarstarfinu. Ég vil þakka starfsfólki Keilis og Flugakademíu og fyrrum starfsmönnum sérstaklega fyrir gott starf og þeirra framlag á árinu. Jafnframt vil ég þakka þeim nemendum sem hafa ákveðið að treysta Flugakademíu Keilis fyrir námi sínu.



6

HÁSKÓLABRÚ

Forstöðumaður Háskólabrúar er Soffía Waag Árnadóttir og Berglind Kristjánsdóttir verkefnisstjóri Háskólabrúar.

Kennarar á Háskólabrú eru 17 talsins.

Háskólabrú Keilis hefur frá árinu 2007 boðið upp á eins árs nám er veitir ígildi stúdentsprófs. Keilir hefur verið í samstarfi við Háskóla Íslands við skipulagningu námsins. Markmiðið með náminu er að veita nemendum góðan undirbúning fyrir krefjandi háskólanám. Að lokinni

Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla hérlendis og erlendis. Háskólabrúin er kennd bæði í staðnámi og fjarnámi. Þörf fyrir nám eins og Háskólabrú hefur sannarlega sýnt fram á gildi sitt því aðsókn hefur verið góð frá upphafi.

Meðalaldur nemendahópsins hefur verið um 30 ár og um 30% nemendahópsins býr á Suðurnesjum og í nemendaíbúðum á Ásbrú.

*Meðalaldur
nemendahópsins
hefur verið um 30 ár
og um 30%
nemendahópsins býr
á Suðurnesjum og í
nemendaíbúðum á
Ásbrú.*

Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru að nemendur hafi lokið 70 framhaldsskóla einingum. Þar af þurfa umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti sex einingum í stærðfræði, íslensku og ensku. Tekin eru inntökuiðtöl við umsækjendur sem er einn mikilvægur liður í gæðastarfi skólans.

Haustið 2015 hófu um 90 nemendur staðnám á Ásbrú. Í júní tók Berglind Kristjánsdóttir við verkefnastjórstöðu á Háskólabrú af Ingu Sveinu Ásmundsdóttur.

Fjarnám - ekki svo fjarlæg!

Fjarnám er þess eðlis að nemendur geta stundað námið óháð landfræðilegri staðsetningu enda eru prófastöðvar okkar um tuttugu talsins héraðs og erlendis.

Í janúar 2016 hófu 106 nýnemar fjarnám á Háskólabrú en mun fleiri nemendur stunda fjarnám þar sem ákveðin fjöldi nemenda tekur námið á lengri tíma.



*Þörf fyrir nám eins
og Háskólabrú hefur
sannarlega sýnt
fram á gildi sitt því
aðsókn hefur verið
góð frá upphafi.*

Mikil áhersla hefur verið lögð í að þróa búnað og skipulag til fjarnámskennslu í Keili. Við höfum tileinkað okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu síður fjarlægá, kennarar og nemendur eru í samskiptum og augu og eyru nema það sem kennari leggur fram og umræður skapast. Tæknin er vissulega mikilvægur þáttur í fjarnámi en auk þess hittast nemendur og kennarar í staðlotum í skólanum sem hefst með próftöku á fimmtudegi og nýr áfangi hefst á föstudegi og laugardegi á fimm vikna fresti. Þeir nemendur sem ekki geta mætt á vinnuhelgi taka þátt í vinnuhelgum fyrir tilstuðlan fjarkennslubúnaðar og eru þannig virkir þátttakendur í umræðum og verkefnavinnu.

*Keilir stýrir
alþjóðlegu Erasmus+
verkefni með
menntastofnunum
frá fimm
Evrópulöndum.*



Við buðum áfram upp á tvær námsleiðir í fjarnámi, fullt fjarnám og „nám með vinnu“. En þá geta nemendur tekið námið á tveimur árum í stað eins árs og tekið er tillit til vinnutíma varðandi skil á verkefnum og próf.

Erlent samstarf

Keilir-Háskólabrú stýrir alþjóðlegu Erasmus+ verkefni með menntastofnunum frá fimm öðrum Evrópulöndum, auk infoMentor og Háskóla Íslands hérlendis. Verkefnið snýr að vandinámi og rannsóknum á því sviði, síðar á þessu ári lýkur þessu verkefni með skilum á niðurstöðum verkefnisins.

Þróun kennsluaðferða - Vandinám

Frá upphafi hafa kennsluaðferðir á Háskólabrú miðast við þarfir fullorðins fólks, við leggjum áherslu á verkefnavinnu, að nemendur vinni raunhæf verkefni ásamt því að vinna í hópi. Við höfum haft að leiðarljósi að þróa nýjar kennsluaðferðir, efla virkni nemenda í kennslutímum og breyta fyrirlestrarforminu. Haustið 2012 breyttum við kennsluaðferðum okkar í öllum áföngum í svokallað vandinám (e. flipped classroom) þar sem fyrirlestrar eru færðir heim og heimavinna í skólann. Nú erum við að ljúka fjórða skólaári með kennsluaðferðum vandináms. Það er áhugavert að skoða þá þróun er orðið hefur í vandinámi á Háskólabrú. Kennarar hafa verið leiðandi í að þróa vandinámið og mikil breyting hefur orðið á þessum fjórum árum t.d hvernig hver og einn kennari velur að tileinka sér aðferðina . En markmið okkar á Háskólabrú hefur verið að vera í stöðugri þróun hvað kennslu og kennsluaðferðir varða.

Eins og áður höfum við fylgt eftir hvernig til hefur tekist með vandinámið bæði meðal nemenda og kennara. Niðurstöður kannana meðal nemenda bæði rafrænar kannanir og rýnihópar sýna að það er mikil ánægja með kennara og kennsluaðferðir á Háskólabrú. Við höfum leitast eftir að styðja við kennara bæði faglega og hvað kennslutæki og kennsluefni varðar. Við munum alltaf leita nýrra leiða til þess að bæta nám og kennslu á Háskólabrú og er þróun vandináms í skólanum einn liður í því.

*Skólaárið 2015
útskrifuðum við 133
nemendur frá
Háskólabrú úr stað-
og fjarnámi og
höfum því útskrifað
1334 nemendur frá
upphafi skólans.*

Heimsóknir og kynningar

Eins og fyrri ár hefur verið gestkvæmt hjá okkur á Háskólabrú. Er það ánægjulegt að taka á móti áhugasömu skólafólki og óhætt að segja að þessar breytingar á kennsluháttum á Háskólabrú hafi vakið athygli í skólasamfélaginu. Við höfum tekið á móti fjölda áhugasamra skólamanna sem hafa sýnt veginámi verðskuldaða athygli. Við höfum kynnt veginám í fjölmörgum skólum og verið fyrirlesarar á ráðstefnum um skólamál. Keilir er þannig orðin leiðandi í að innleiða þetta nýja og öflugna kennsluform. Við áttum fjölmargar góðar heimsóknir á árinu þar sem námið okkar var kynnt og samstarf eflt.

Menntastoðir - samstarf við símenntunarstöðvar

Frá því janúar 2009 hefur Keilir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gert samning um Menntastoðir sem er nám hugsað fyrir þá sem ekki uppfylla inntökuskilyrði Háskólabrúar. Í samstarfi við Keili vegna Menntastoða eru einnig MÍMIR-símennt í Reykjavík og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY). Góð aðsókn hefur verið í Menntastoðir frá upphafi og margir nemendur þeirra hafa útskrifast frá Háskólabrú eða stunda þar nám. Við tókum á móti fjölmörgum nemendum Menntastoða og kynntum þeim Háskólabrú. Enda er stór hluti þeirra sem sækir um nám á Háskólabrú.

Útskrift

Skólaárið 2015 útskrifuðum við 149 nemendur frá Háskólabrú úr stað- og fjarnámi og höfum því útskrifað 1.278 nemendur frá upphafi skólans.

Við erum stolt af þeim fjölda nemenda sem hefur útskrifast frá okkur. Einstaklega vel tókst til er við buðum öllum útskrifuðum nemendum í apríl 2015 að koma í Keili til endurfundar. Þar hittum við fyrir fjölda nemenda sem hefur lokið Háskólabrú og glöddumst með kennurum, verkfræðingum og félagsráðgjöfum svo eitthvað sé nefnt. Þessi skemmtilegi viðburður staðfesti að nemendum okkar gengur almennt vel í því háskólanámi sem það tekur sér fyrir hendur.





7

ÍFRÓTTAAKADEMÍA

Vorið 2015 útskrifuðust 48 af einkaþjálfarabraut ÍAK, átta af námsbraut ÍAK styrktarþjálfara og 14 útskrifuðust af námsbraut í ævintýraleiðsögunám í samstarfi Keilis og Thompson Rivers University (TRU). Haustið 2015 var í sjöunda skiptið sem ÍAK einkaþjálfarinn fór af stað og þriðja sinn sem styrktarþjálfaranám og ævintýranámið var kennt.

Haustið 2015 hófu 57 nemendur nám á sameiginlegri grunnönn einka- og styrktarþjálfara og 18 nemendur í ævintýraleiðsögunámi Keilis-TRU.

Í niðurstöðum eftirfylgnikönnunar ÍAK sem lögð var fyrir 2015 árgang einkaþjálfaranema, kom í ljós að 25% útskrifaðra starfar við einkaþjálfun sem aðalstarf, 50% sem hlutastarf en 25% starfa ekki við fagið. Það skal tekið fram að svarhlutfall var 42%. Ekki voru sendar út formlegar eftirfylgnikannanir til útskriftarhópa ÍAK styrktarþjálfara og ævintýraleiðsögunemenda en það er staðfest að allir sem útskrifuðust úr ævintýraleiðsögunáminu, voru í fullu starfi í ferðamannageiranum veturinn 2015 - 2016.

Haustið 2015 hófu 57 nemendur nám á sameiginlegri grunnönn einka- og styrktarþjálfara.

Ekki er vitað um starfsgengi ÍAK styrktarþjálfaranema þegar þetta er skrifað en áhugavert verður að fylgjast með nemendum ÍAK og hvar þau munu hasla sér völl á nýjum sviðum þjálfunar í framtíðinni.

Sem fyrri ár hefur verið lögð mikil áhersla á að fá bestu mögulegu kennara til kennslu á öllum námsbrautum ÍAK og eru sérfræðingarnir sem sjá um kennsluna einn af styrkleikum skólans.



Haustið 2015 hófu 18 nemendur nám í leiðsögunámi í ævintýraferðamennsku.

Þriðja ár ævintýraleiðsögunámsins fór vel fram og er námsbrautin að festa sig í sessi hér á landi. Námið hefur vakið mikla eftirtekt á meðal fyrirtækja og einstaklinga í ferðamannaiðnaðinum hérlendis en einnig er mikið um fyrirspurnir erlendis frá og hafa fimm erlendir nemendur farið í gegnum námið þegar skólaárið 2015 - 2016 lýkur.

Afþreyingarferðaþjónustufyrirtækið Arctic Adventures hefur áfram verið skólanum innanhandar með aðstöðu og búnað í nokkrum af verklegu áföngum námsins og hefur einnig ráðið til sína allmarga útskrifaða nemendur skólans. GG Sport, verslun með útivistarvörur hefur einnig verið sterkur bakhjarl námsbrautarinnar og hefur stutt skólann dyggilega í uppbyggingu námsins með því útvega búnað til verklegrar kennslu á bestu mögulegu kjörum. Meðal annars keypti ÍAK 17 straumvatnskajaka á kostnaðarverði og er Keilir því eigandi stærsta flota straumvatnskajaka á Íslandi í dag.

ÍAK stóð fyrir ráðstefnu um ævintýraferðamennsku í húsnæði Keilis í apríl. Aðalræðumaður var Ross Cloutier, stofnanandi og núverandi yfirmaður Adventure studies deildar TRU. Heppnaðist viðburðurinn vel en um 60 manns mættu til að hlusta og taka þátt í umræðum.

Þrenn námskeið á vegum ÍAK voru á árinu. Ian Jeffreys frá Bretlandi sem kennir einn áfanga í styrktarþjálfaranáminu hélt námskeið í hraðþjálfun í mars. Jose Antonio, einn virtasti íþróttanæringarfræðingur heims og stofnandi International Society of Sports Nutrition, hélt fyrirlestur í maí og Dietmar Wolf, annar kennari á styrktarþjálfarabraut ÍAK, hélt dags langt námskeið í kraftlyftingum í desember. Mikil ánægja var með gestakennaranna og er mikilvægt fyrir ÍAK að halda áfram að mynda tengsl við sérfræðinga á alþjóðlegum vettvangi.

ÍAK hefur samninga við líkamsræktarstöðvarnar World Class og Sporthúsið sem gefur öllum nemendum ÍAK frían aðgang að stöðvum þeirra yfir skólaárið.

Kennsla ÍAK einkaþjálfara-námsbrautanna hefur gengið vel og er orðspor námsins jákvætt.

Áhersla næstu missera verður á að vinna áfram að þróun og námsbrauta deildarinnar.

Þróun einkaþjálfaranámsbrautar á ensku hélt áfram yfir árið og reyndist mesta áskorunin að ráða kennara. Tveir bandarískir kennarar; Rick Howard og Stephanie Kerr hafa unnið samtals sex áfanga en viðræður hafa átt sér stað við nokkra hugsanlega kennara til að kenna þá fjóra kúrsa sem eftir standa. Allt bendir þó til þess að námsbrautin fari formlega af stað í september 2016. Verið er að skoða markaði fyrir námið í Evrópu og í Nígíeríu en ÍAK hefur sterkan tengilið þar í landi og er um stóran markað að ræða.

Starfsmannamál

Arnar Hafsteinsson hefur verið starfandi forstöðumaður síðan ágúst 2012. Steinþóra Eir Hjaltadóttir sem starfað hefur sem verkefnastjóri ÍAK þjálfaranámsbrauta í 70% starfi frá árinu 2011, hvarf úr starfi í desember og var Haddý Anna Hafsteinsdóttir ráðin í staðin í 100% starf. Ragnar Þór Þrastarson var verkefnastjóri ævintýranámsins frá ágúst 2013 og hætti hann störfum í apríl en í hans stað var Kanadamaðurinn Gabriel Cote-Valiquette ráðin í ágúst og mun hann sinna bæði kennslu og verkefnastjórnun námsbrautarinnar.

Sex íslenskir stundakennarar og fimm erlendir kennarar störfuðu við kennslu í ÍAK þjálfaranámsbrautunum. Um er að ræða verktaka í hlutastarfi. Sex íslenskir og fimm erlendir kennarar kenndu við ævintýranámsbrautina, einnig sem verktakar. TRU sendi þrjá kennara á sínum vegum til að taka þátt í verklegri kennslu ævintýranámsins.

Framtíðarsýn

Kennsla ÍAK einkaþjálfaranámsbrautanna tveggja hefur gengið vel og hefur jákvætt orðspor námsins haldið áfram að draga að umsækjendur umfram þann fjölda sem hægt er að taka inn. Talsverðar breytingar hafa orðið á uppsetningu stundatöflu ævintýranámsins og verður boðið upp á valkvæða auka áfanga í framtíðinni.

Mikill áhugi er hjá írskum skóla – Setanta Collage – að fara í samstarf við Keili með styrktarþjálfaranám á háskólastigi en slíkt samstarf gæti bæði verið tekjuaukandi en ekki síst sem góð viðbót við námsframboð Keilis sem þá myndi styrkja ímynd Keilis enn frekar.

Áhersla næstu missera verður á að vinna áfram að þróun og námsbrauta deildarinnar og festa þær í sessi. ÍAK starfar í frjóum jarðvegi þar sem mikil aukning er á heilsuvitund og áhuga fólks um heilsutengd störf en víst er að þörfin fyrir vel menntaða þjálfara, bæði í einkaþjálfun og styrktarþjálfun íþróttamanna, er til staðar. Enn fjölgar ferðamönnum til landsins og með sérstöðu Keilis að bjóða upp á eina ævintýraleiðsögunámið hérlendis, felast miklir möguleikar og tækifæri til að laða að erlenda nemendur sem hafa áhuga á að mennta sig hérlendis.





8

TÆKNIFRÆÐI

Í kjölfar þess að tæknifræðinámið hefur að fullu verið innleitt í kennsluskrá HÍ og viðurkennt sem námsframboð á vegum Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar (R&T), var á árinu komið á fót þriggja manna fagráði skipað af R&T samkvæmt samningi HÍ og Keilis. Fagráðið skipa Sverrir Guðmundsson núverandi forstöðumaður tæknifræðinámsins, Karl Sölvi Guðmundsson Dósent við R&T og fyrrverandi forstöðumaður tæknifræðinámsins og Kristinn Andersen prófessor og deildarforseti R&T.

Fagráðinu ber að hafa umsjón með skipulagi og framkvæmd námsins af hálfu deildar. Fagráðið fór vel af stað og hefur reynst sú faglega stoð og tenging við Háskóla Íslands sem tæknifræðinámið þarf á að halda. Á sama tíma hefur Keilir sinnt því hlutverki vel að tengja námið við atvinnulíf, hátækniðnað og nýsköpun.

*Árið 2015
útskrifuðust alls
átján nemendur úr
tæknifræðinámi
Háskóla Íslands og
Keilis.*

*Sprotafyrirtækið
GENOVA ehf fékk
Frumherjastyrk
Tækniþróunarsjóðs
Rannís.*

Fjórði útskriftarargangur tæknifræðináms Keilis

Tvær útskriftir fóru fram á árinu. Föstudaginn 19. júní útskrifaðist fyrri hluti fjórða árgangs, alls 13 nemendur og sá seinni þann 20. október, samtals 5 nemendur. Nemendurnir útskrifuðust með BS gráðu í tæknifræði frá Háskóla Íslands og öðluðust um leið réttindi til að sækja um starfsheitið tæknifræðingur til Iðnaðarráðuneytisins.

Nemendurnir unnu metnaðarfull lokaverkefni og luku námi sínu með formlegri framsögn og vörn á verkefnunum sínum. Viðurkenningu fyrir bestan námsárangur hlaut Thomas Andrew Edwards og einnig hlaut Jónas Pétur Ólason viðurkenningu fyrir vel unnið lokaverkefni. Í kjölfarið stofnaði Jónas Pétur ásamt félaga sínum og útskriftarnemanum Karli Daða Lúðvíkssyni sprotafyrirtækið GENOVA ehf sem vinnur að þróun samþættra örtölvukerfa fyrir stoðtæki. Fyrirtækið fékk á árinu Frumherjastyrk Tækniþróunarsjóðs Rannís.

Listi yfir útskriftarnema 2015 og lokaverkefni þeirra:

- Arinbjörn Þór Kristinsson: Þróun á nýjum veiðibúnaði til makrílveiða á handfærabátum.
- Artur Kamil Matusiak: Combined rainwater and grey water treatment system.
- Daníel H. Eðvarðsson Fjeldsted: Möguleikar á nýtingu bogkrabba við Ísland.
- Davíð Ásgeirsson: Átöppunarvél fyrir GeoSilica Iceland.
- Eiríkur Sigurðsson: Hönnun á stjórnstöð fyrir aukabúnað í farartækjum.
- Grétar Þór Þorsteinsson: Tilraunir með inndælingu sáldurvökva í gegnum sívalan flöt.
- Guðmundur Þórir Ellertsson: The possibility of replacing load cells in a prosthetic knee manufactured by Össur using a new sensing technology.
- Hafliði Ásgeirsson: Methane potential from fish oil byproducts.
- Hrafn Theódór Þorvaldsson: Bottle Labeling Machine
- Jóhann Torfi Hafsteinsson: Ný nálgun á hönnun og virkni aksturshliða.
- Jónas Pétur Ólason: Leiðréttingarhlíf fyrir hnélið sem reiðir sig á skynjara.
- Jónas Þór Þórisson: Biogas upgrading: Using amine absorption.
- Karl Daði Lúðvíksson: Stjórnubúnaður og frumsmíði á samhæfðum þriggja ása SCARA vélarm.
- Kristján Guðmundur Birgisson: Hot water monitoring system.
- Óli Ragnar Alexandersson: Aukin nýting afurða í kræklingaræktun á Íslandi.
- Sverrir H. Hjálmarsson: Fóðurkerfi fyrir fiskeldi.
- Thomas Andrew Edwards: Adjusting and Logging Rheo Knee Parameter Values Using a Smartphone Application.
- Valgeir Páll Björnsson: Afkastageta sjávarfalla túrbínu V-5.
- Xabier Þór Tejero Landa: Production Process Automation.

Starfsmenn deildarinnar

Í deildinni starfa níu fastir kennarar ásamt forstöðumanni og stundakennurum, en nokkrir nýir stundakennarar tóku til starfa á árinu. Fjóra Þórdís Jónsdóttir verkefnastjóri færði sig yfir á kennsluvið Keilis og sinnir þar hlutverki verkefnastjóra. Ásdís Ólafsdóttir verkefnastjóri fór í fæðingarorlof. Í þeirra stað var ráðin Rannveig Erla Guðlaugsdóttir.

Samtals voru um 74 virkir nemendur að jafnaði á öllum þremur árum tæknifræðinámsins.



Nám og kennsla

Samtals voru um 74 virkir nemendur að jafnaði á öllum þremur árum tæknifræðinámsins.

Mikill samdráttur varð í umsóknum í námið. Skýringarnar eru margar og fjölbættar. Meðal annars hefur sá hópur nemenda sem kemur með verkmenntun og reynslu úr atvinnulífinu nánast horfið. Við uppsetningu námsins var sér í lagi miðað við þennan hóp. Of þröngar aðgangskröfur sem urðu til árið 2014 gera það hins vegar að verkum að mun erfiðara er höfða til þessa hóps.

Ýmis fyrirtæki leituðu til Keilis með hagnýt verkefni fyrir nemendur eins og má m.a. sjá í lista yfir lokaverkefni.

Stöðugt er unnið að því að bæta nám tæknifræðinnar fyrir bæði nemendur og kennara, en þar má nefna sem dæmi svokölluð einingapróf sem ganga út á að vera með öflugt símat í bóklegum fögum og draga úr því álagi sem lokaprófum fylgja. Breytingin hefur reynst vel og bætt árangur nemenda þó án þess að valda hækkun á meðaleinkunn.

Tæknibúðir fyrir grunnskólabörn voru haldnar þriðja sumarið í röð. Haldin voru nokkur vikulöng námskeið þar sem börnin leystu vísinda- og tæknitengd verkefni undir handleiðslu tveggja starfsmanna Tæknibúðanna. Starfsmennirnir voru nemendur tæknifræðinámsins.

Orkurannsóknir ehf – tenging tæknifræðinnar við atvinnulífið

Mikill uppgangur var í starfsemi Orkurannsóknna ehf, dótturfélags Keilis. Fyrirtækin Codland ehf, Embla Production, ehf og CRI ehf gerðu leigusamning við Orkurannsóknir um notkun á efnafræðistofu. Orkurannsóknir sjá einnig um mælingar fyrir þróunarfélagið Kadeco á PCB í jarðvegi frá dögum bandaríska hersins. Árið 2014 var gerður samningur um bakgrunnsmælingar á Helguvíkursvæðinu fyrir fyrirtækið Sameinaða kísilfélagið (United Silicon) og lauk þeirri vinnu í júlí 2015. Í framhaldinu voru Orkurannsóknir ráðnar til að annast undirbúning og uppsetningu loftgæðamælistöðva sem fyrirtækinu bar að setja upp ásamt því að halda utan um mælingar á gróðri og jarðvegi. Fimm manns hafa unnið að verkefninu frá haustinu 2015. Um er að ræða umfangsmikið verkefni og það stærsta sem Orkurannsóknir hafa ráðist í til þessa.

Mikill uppgangur var í starfsemi Orkurannsóknna ehf, dótturfélags Keilis.

*Mekano ehf fékk
tilnefningu til Nordic
Startup Awards
2015.*

Samstarf

Annað árið í röð fengust EEA styrkir fyrir nemenda- og starfsmannaskiptum milli tæknifræðinámsins og AGH tækniháskólans í Kraká í Póllandi. Fjórir skiptinemar frá deildinni Driling, Oil and Gas við AGH komu til tæknifræðináms Keilis. Nemendurnir unnu að fjölbreyttum verkefnum í samstarfi við tæknifræðinámið og Orkurannsóknir ehf, HS Orku og Arctic Sea Salt ehf.

Tveir skiptinemar á öðru ári í Orku- og umhverfistæknifræði fóru í skiptinám við sömu deild í AGH. Báðum vegnaði vel, lofuðu dvölinu og öðluðust að auki ómetanlega reynslu af námi og vinnu við nemendaverkefni í nýju landi.

Dariusz Knez, Professor við Oil, Drilling and Gas við AGH tækniháskólann, heimsótti tæknifræðinám Keilis, kynnti sér starfsemina og fundaði með sínum nemendum. Tveir starfsmenn tæknifræðinámsins heimsóttu í sömu erindagjörðum AGH háskólann. Lagður var grunnur að áframhaldandi samstarfi.

Áfram var haldið með samstarfsverkefni við Cooper Union í New York í Bandaríkjunum um nýtingu affall heitavatns til að hraða plöntuvexti. Verkefnið er leitt af prófessor Robert Dell og William Foley við Cooper Union háskólann. Báðir heimsóttu tæknifræðinámið á árinu og dvöldu hjá Keili.

Kynningar

Kynningar voru fjölmargar á árinu. Áhersla var lögð á að kynna tæknifræðinámið sem víðast. Tekið var á móti fjölmörgum hópum, allt frá hópum grunnskólakrakka til háskólanema og fyrirtækja. Þá var námið kynnt á Háskóladeginum, hinni árlegu UT messu sem og árlegum Skrifudegi Tækniskólans. Einnig var farið í fjölda framhaldsskóla um allt land og námið kynnt.

Skrifaðar voru greinar í ýmis blöð og út kom blað útskriftarnema sem var notað við kynningar ásamt öðrum bæklingum.

Styrkir

Þeir styrkir sem fengust árið 2014 frá Vaxtarsamningi Suðurnesja kláruðust á árinu. Talsverð vinna var lögð í styrkumsóknir á árinu. Andri Þorláksson og Krista Hannesdóttir, stafsmenn tæknifræðinámsins, fengu úthlutaða styrki úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Þróunarrannsóknarstyrkur Andra felst í verkefninu Flutnings Vakinn sem er sjálfvirkur búnaður til skráningar á varningi í flutning. Styrkur Kristu felst í rannsókn á nýtingu á afgangsortku úr til dæmis smávirkjunum og vind- eða fallvatnsvirkjunum með fasaskiptaefnum.

Annað

Á árinu hlaut fyrirtækið Mekano ehf, sem stofnað var af Sigurði Hreindal útskriftarnema úr tæknifræðináminu 2014, tilnefningu til Norrænna nýsköpunarverðlauna Nordic Startup Awards sem besti nýliði sprotafyrirtækja á Íslandi. Þá var fyrrum nemandi tæknifræðinámsins, Fida Abu Libdeh frumkvöðull einn stofnenda Geosilica Iceland, kjörin maður ársins á Suðurnesjum 2014.